



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskóladeild Ártúnsskóla

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Árangur – Virðing - Vellíðan	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat Háholts veturinn 2020-2021	4
3 Innra mat Lágholt veturinn 2020-2021	6
4 Innra mat Árholt veturinn 2020-2021.....	7
5 Ytra mat	10
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	11
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	11
8 Foreldrasamvinna.....	11
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	12
10 Fylgigögn.....	13
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	13
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal	13
10,3 Fylgiskjal 3 – Samstarfssamningur á milli grunn- og leikskóladeildarÁrtúnssk.....	13



Leiðarljós leikskólans: Árangur – Virðing - Vellíðan

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þessi fordæmalausí vetur 2019 – 2020 með V - þrjú = veður, verkföll og veiru í fararbroddi fór ágætlega af stað, við gátum þó ekki gefið nýjum börnum dagsetningu fyrir aðlögun þar sem að við áttum í mönnunarvanda. Við vorum meira og minna að ráða starfsfólk fram að jólum, fólk staldraði stutt við og það tók mikið á börn og starfsfólk að vera stöðugt að skipta um starfsfólk. Þar af leiðandi tókum við börn seint inn í leikskólann og vorum með aðlögun langt fram eftir árinu. Allir gerðu sitt besta að láta allt leikskólastarfið ganga upp. Á starfsdegi í september fengum við námskeið um Lubba. Bókin *Lubbi finnur málbein* er ætluð til málörvunar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Okkur tókst ágætlega að taka sprett með námsefnið fyrir jólin.

Eftir þrettándann fórum við aftur af stað með hópastarf svo tók við verkfall í febrúar sem stóð í sex vikur sem hafði mikil áhrif á okkur og svo þegar verkfall leystist þá tók covid við. Þessi vetur hefur verið óvenjulegur og hafa börn og starfsfólk verið mjög tætt eins og gefur að skilja.

Við horfum með jákvæðum augum fram á veginn og vonumst til að ráða gott fólk sem vill vinna í leikskóla næsta vetur.

3. júlí 2020

Hólmfríður Hannesdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri



2 Innra mat Háholts veturinn 2020-2021

Starfsmannavelta setti sitt strik í reikninginn framan af vetri hjá okkur á Háholti. Það hafði tvímælalaust áhrif á starfið og þar af leiðandi tók lengri tíma fyrir deildina að ná jafnvægi. Við höldum áfram að vinna með sjálfseflingu og samkennd þar sem við unnum mikið í litlum hópum. Fyrir áramót unnum við verkefni tengd barnasáttmálanum, lögðum áherslu á Lubbi finnur málbein og svo vorum við með Blæ stundir þar sem áhersla var lögð á vináttuna. Vegna Covid og verkfalls hjá Eflingarstarfsfólki eftir áramót var mikil skerðing á starfinu. Hópastarfið sem slíkt endaði í febrúar við byrjun verkfalls þar sem tveir af þremur starfsmönnum deildarinnar voru í verkfalli en í staðinn nýttum við tímann í allskyns verkefnavinnu. Tíminn eftir Covid hefur aðallega farið í að ná rúttínu og hlúa að börnunum. Foreldrum voru boðin viðtöl í gegnum síma eða tölvupóst í maí.

Við höldum okkur við sömu áætlun frá í fyrra með leyfi SFS um innra mat þar sem ekki gafst tími fyrir það veturinn 2019-2020.

Dagsskipulag: Í heildina gekk dagsskipulagið vel.

- **Styrkleikar:** Börnin hafa mikið um það að segja hvað er gert yfir daginn t.d í samverustundunum, vali og frjálsa leiknum.
- **Tækifæri til úrbóta:** Að börnin séu þátttakendur í að meta þætti innan dagsskipulagsins t.d samverustundir, val og frjálsa leikinn.

Listasmiðja: Í heildina gekk starfið í listasmiðjunni vel.

- **Styrkleikar:** Börnin fengu frjálsar hendur með úrvinnslu á sínum verkefnum.
- **Tækifæri til úrbóta:** Að börnin fá enn frjálsari hendur með sína sköpun.

Virk þátttaka elstu barnanna í ákvarðanatöku í skipulögðu starfi: Við unnum ekki nógu markvisst með þennan þátt.

- **Styrkleikar:** Börnin höfðu mikið um það að segja hvað væri gert innan dagsskipulagsins.
- **Tækifæri til úrbóta:** Að börnin taki meiri þátt í ákvörðunum sem varðar málefni leikskólans.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að börnin séu þátttakendur í að meta samverustundir	Að börnin hafi meiri áhrif á umhverfi sitt og nám	Að börnin merki við á matsblaði sína upplifun af samverustundum	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn Háholts	Janúar 2021	Mars 2021	Könnun lögð fyrir börnin 1x í viku í janúar, febrúar og mars	Að við sjáum hvernig börnin upplifa þessar stundir.
Að börnin fái frjálsari hendur í sköpunarvinnu sinni	Að sköpunargáfa barnanna fái að njóta sín	Að hvert barn fái meiri tíma og næði til sköpunar og fái að nota þann efnivið sem það vill.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn Háholts	Janúar 2021	Mái 2021	Skráning í deildarbók og umræður á deildarfundum	Að hvert barn fái að þróa sína hugmynd með frjálsan efnivið.
Að börnin taki meiri þátt í ákvörðunum um skipulagningu starfsins.	Að börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á hvað við gerum í leikskólanum	Barnafundir þar sem börnin koma með hugmyndir að því sem þau vilja gjarnan gera í leikskólanum og það verður reynt að framkvæma það sem hægt er.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Janúar 2021	Mái 2021	Við skráum hugmyndir barnanna í deildarbók.	Að við höfum framkvæmt allavega eitthvað tvennt sem börnin vilja.



3 Innra mat Lágholt veturinn 2020-2021

Starfið á Lágholti gekk ágætlega fyrir sig haustönnina 2019. Nýr deildarstjóri tók við í september 2019. Í september fór fram aðlögun á deildinni, tvö ný börn byrjuðu á Lágholti. Lögð var áhersla á sjálfseflingu barnanna og félagsleg samskipti milli barnanna. Hópastarfið gekk ágætlega en starfsmannavelta/ekla setti strik í reikninginn. Vegna Covid og verkfalls hjá Eflingarstarfsfólki var mikil skerðing á starfinu vorönn 2020. Hópastarfið endaði í febrúar við byrjun verkfalls en í stað nýttum við listasmiðjuna mjög vel. Deildarstjóri á Lágholti er Eflingar starfsmaður og því var deildin alveg lokuð yfir verkfallstímabilið. Tíminn eftir Covid hefur aðalega farið í að ná rútínu og hlúa að börnunum. Foreldrum voru boðin viðtöl í gegnum síma eða tölvupóst í maí.

Við höldum okkur við sömu áætlun frá í fyrra með leyfi SFS um innra mat þar sem ekki gafst tími fyrir það veturinn 2019-2020.

UMBÓTAPÁT TUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aukin tími í listasmiðju með börnunum, bæði frjálsan og markvissan.	Börnin fá tækifæri til að leyfa sköpunargáfu sinni að njóta, hvort sem það er í frjálsum tíma tíma í eða út frá verkefni sem unnið var með í hópastarfi.	Skipuleggj um verkefni í listasmiðju fyrir fram og/eða höfum listasmiðju una í boði í vali.	Deildarstjóri og starfsfólk á Lágholti.	Janúar 2021	Maí 2021	Umræður á deildarfundum, umræður við börnin.	Hvert barn hafi fengið frjálsan tíma í listasmiðju til sköpunar með frjálsan efnivið.



Bæta samverustunir eftir hádegismat, hafa þær skipulagðari, áhugaverðar í og rólegri.	Að samverurnar eftir hádegis séu rólegar en áhugaverðar stundir og að börnin upplifi ánægju af stundunum.	Skipuleggjum samverurnar vel, erum búin að finna viðfangsefni, bækur, verkefni, leikföng sem við ætlum að nota. Meira krefjandi og áhugaverðari verkefni. Halda ákveðinni rútínu eftir hádegismat sem börnin þekkja.	Deildarstjóri og starfsfólk á Lágholti.	Febrúar 2021	Maí 2021	Umræður á deildarfundum, umræður við börnin.	Að börnin sýni áhuga í samverustundum og að þær gangi almennt vel, að börnin upplifi ánægju af stundunum.
---	---	--	---	--------------	----------	--	---

4 Innra mat Árhólts veturinn 2020-2021

Starfið á Árholti gekk almennt vel síðastliðið haust. Aðlögun nýrra barna dróst fram í október og gekk vel. Mikil áhersla var lögð á að skapa notalega stemningu á morgnana þegar börnin mæta í skólann og taka vel á móti börnum og foreldrum. Vegna verkfalls hjá Eflingar starfsfólki og Covid eftir áramót var mikil skerðing á starfinu. Tíminn eftir verkfall og Covid hefur aðalega farið í að ná rútínu og hlúa að börnunum. Foreldrum voru boðið í viðtöl í gegnum síma eða tölvupósti í maí.

Við höldum okkur við sömu áætlun um innra mat frá í fyrra þar sem ekki gafst tími að sinna því.

Dagsskipulag: Í heildina gekk dagsskipulagið vel.

Styrkleikar: Þegar börnin fara út fara fámennir hópar í fataklefann í einu og þá skapast ró og nægur tími fyrir sjálfshjálp og samskipti.

Tækifæri til úrbóta: Tíminn eftir morgunmat þarf að skapa meiri ró og starfsfólk þarf að vera virkara að finna áhugaverð verkefni fyrir börnin.

Hópastarf:

Styrkleikar: Könnunarleikurinn hefur gefist vel og hann hefur ýtt undir rannsóknarþörf barnanna þar sem að þau efla m.a. einbeitingu og skynjun.

Tækifæri til úrbóta: Hreyfistund fyrir yngstu börnin að þau fari markvisst einu sinni í viku í hreyfistund.

Listasmiðja: Börnin hafa fengið frjalsari hendur með það sem að þau gera og gekk það betur þar sem að við fjölguðum starfsfólki í Listasmiðju og þá var hægt að sinna hverju barni betur. Þessar aðgerðir hafa ávinning fyrir börnin og ákveðið var að viðhalda þessu fyrirkomulagi og telst þessum umbótaþætti lokið í bili.

Frjáls leikur eftir síðdegishressingu: Starfsmenn deildarinnar ákváðu að prófa að hafa flæði í síðdegishressingu og drekka á einu borði, með því skapaðist meiri ró í frjálsa leiknum hjá þeim börnum sem eru ekki að drekka. Börnin fara úr leik án þess að taka saman og geta svo haldið áfram að leika sér þegar þau eru búin að drekka. Þessar aðgerðir hafa ávinning fyrir börn og starfsfólk og ákveðið var að viðhalda þessu fyrirkomulagi.

Umbótaþættir Árholt	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Að skapa ró eftir morgunmat	Að skapa meiri ró í frjálsa leiknum eftir morgunmat	Símat yfir veturinn með skráningum	Janúar til maí 2020	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum	Að börnin hafi val um fjölbreyttari viðfangsefni sem vekur áhuga þeirra
innihald hreyfistunda hjá yngstu börnunum	Að innihald hreyfistundanna stuðli markvisst að eflingu líkamsþroska	Símat yfir veturinn	Janúar til maí 2020	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum	Að börnin upplifi gleði og ánægju af hreyfistundum



5 Ytra mat

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í byrjun árs 2020 og þarf kom fram að starfsfólki líður vel í vinnunni og að starfsumhverfi leikskóladeildarinnar er hvetjandi og jákvætt. Það kom einnig fram að vinnuálag væri of mikið, of mikið að gera í vinnunni og að starfsfólk sjái sig ekki áfram í starfi.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Víðmið um árangur

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í maí og tók aðstoðarleikskólastjóri þau en skólastjórinn sat inni í viðtölum við deildarstjóra og sérkennslustjóra.

Við höfum þann háttinn á að skoða þau fjölmörgu tilboð af námskeiðum sem auglýst eru á hverju skólaári. Stjórnendateymi skólans er vakandi yfir hvaða námskeið henta starfsemi og starfsfólki leikskólans og bregðast við tilboðum þegar þau berast. Enn fremur eru starfsþróunarsamtöl greind og fræðsla ákveðin út frá þeim.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfssamningur á milli grunnskóla- og leikskóladeildar er gerður á hverju hausti og stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu með það markmið að auðvelda tilfærslur nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann. Elstu börnin í leikskólanum fara m.a. í heimsókn í fyrsta bekk, í sögustund á skólabókasafninu, á samverur hjá fyrsta bekk og fara einu sinni í viku yfir veturinn í íþróttir í íþróttasalnum. Þau heimsækja einnig Skólasel og á vormánuðum æfa þau sig að borða í matsal grunnskólans. Næst elstu börnin fara einnig í nokkrar heimsóknir yfir í grunnskólann yfir veturinn. Einnig heimsækja nemendur úr fyrsta og fjórða bekk grunnskólans leikskólann en fjórði bekkur er vinabekkur elstu barna leikskólans. Elstu börnin í leikskólanum og fyrsti bekkur vinna alltaf samstarfsverkefni á vormánuðum og hittast þá nokkru sinnum og er börnunum þá skipt upp í hópa og eru smiðjur bæði í leik- og grunnskólanum. Að þessu sinni hittust þau einu sinni vegna covid ástands og unnu styttri útgáfu af músaverkefninu.

8 Foreldrasamvinna

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Við samrekinn skóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í skólaráði sitja fimmtán manns. Skólaráð fundar að jafnaði 5 sinnum á ári, fyrsta miðvikudag í mánuði anna hvern mánuð. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun,



rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum. Þessar kynningar fara fram í september.

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári. Annars vegar í nóvember og hins vegar í apríl.

Í Ártúnsskóla starfar eitt foreldrafélag. Þar eru meðlimir foreldra barna í leik- og grunnskólanum.

Atburðir á vegum foreldrafélagsins hafa verið m.a. jólafondur, páskabingó, halloweenball og þrífadagur. Einnig greiðir foreldrafélagið jólasvein fyrir leitina af jólasveininum og jólaball leikskólans.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Fimm starfsdagar leikskólans eru á sama tíma og starfsdagar grunnskóladeildar Ártúnsskóla og þar af þrír sameiginlegir í hverfinu. Vegna covid þá gaf SFS leyfi til að færa starfsdag yfir á haustönn og tókum því sjö starfsdaga næsta skólár.

28. september 2020 – sameiginlegur með grunnskóladeildinni

26. október 2020 – starfsdagur frá covid tímabili – vetrarfrí í grunnskólanum

18. nóvember 2020 – sameiginlegur í hverfinu

5. febrúar 2021 - sameiginlegur í hverfinu

12. mars ½ dagur 2021 – skertur dagur í grunnskólanum

21. apríl ½ dagur 2021 – skertur dagur í grunnskólanum

23. apríl 2021 - sameiginlegur með grunnskóladeildinni

10. maí 2021 - sameiginlegur í hverfinu



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

10,2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2020-2021

10,3 Fylgiskjal 3 – Samstarfssamningur á milli grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2019 - 2020

1. júlí 2020

F.h. Leikskóladeildar Ártúnsskóla

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri Ártúnsskóla

Ellen Gísladóttir skólastjóri Ártúnsskóla



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2020 – 2021 Leikskóladeild Ártúnsskóla

Umsögn foreldraráðs verður skilað í ágúst

Skólaráð Ártúnsskóla skipa:

Ellen Gísladóttir - skólastjóri

Guðrún Bára Gunnarsdóttir - fulltrúi stjórnenda

Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir - fulltrúi leikskólakennara

Edda Júlía Helgadóttir - fulltrúi grunnskólakennara

Bárður Steinn Jóhannesson - fulltrúi starfsmanna

Hanna Sóley Helgadóttir - fulltrúi frístundar

Guðmundur Páll Friðbertsson - fulltrúi foreldra

Helga Tryggvadóttir - fulltrúi foreldra

Guðrún Ásgeirsdóttir - fulltrúi foreldra

Árný Þórarinsdóttir - fulltrúi foreldra

Helga Guðrún Snjólfisdóttir - fulltrúi foreldra

Lára Sigríður Lýðsdóttir - fulltrúi foreldra

Brynja Kristín Guðbrandsdóttir - fulltrúi nemenda

Pétur Hlíðar Hauksson - fulltrúi nemenda



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Reykjavík 31.08.2020

Efni:

Starfsáætlun leikskóladeildar Ártúnsskóla 2020-2021 var lesin yfir af Helgu Snjólfsdóttur fulltrúa foreldra í skólaráði Ártúnsskóla. Starfsáætlun samþykkt án athugasemda.


Kt. 5009857
Ellen Gísladóttir
Skólastjóri Ártúnsskóla

Ágúst	September	Október	Nóvember
Leikskólinn opnar eftir sumarleyfi Foreldraviðtöl vegna nýrra barna	28. STARFSDAGUR Litadagur 26. Evrópski tungumáladagurinn Aðlögun nýrra barna Foreldrafundir Hópastarf hefst á deildum	Bleikur dagur Aðalfundur foreldrafélagsins 26. STARFSDAGUR (frá síðustu önn) 27. Alþjóðlegi bangsadagurinn Foreldrakaffi	Litadagur 8. baráttudagur gegn einelti = vináttuverkefni 16. dagur íslenskrar tungu=samvera í sal foreldraviðtöl 18. STARFSDAGUR Jólafondur foreldrafélagsins
Desember	Janúar	Febrúar	Mars
Hópastarf í frí = jólastemning á deildum Fullveldisdagurinn 1. desember = sam- verustund í sal piparkökubakstur barna 1. bekkur og elstu börnin skiptast á jólakortum Leitin af jólasveininum = Foreldrum boðið með Jólasveinahúfudagur og rauður dagur Jólasýning á Árbæjarsafni (2015) Jólamatur og jólaball	6. þrettándinn = dönsum út jólin Hópastarf hefst aftur Dótadagur Vasaljósadagur 22. Bóndadagur = Stúlkur gefa drengjum blóm	5. STARFSDAGUR 6. Dagur leikskólans 15. Bolludagur = Börnin baka brauð- bollur og borða í síðdegishressingu 16. Sprengidagur = saltkjöt í matinn 17. Öskudagur = furðufataball í sal 21. Konudagurinn = Drengir gefa stúlkum blóm	Foreldrakaffi Hrósdagur 12. STARFSDAGUR 1/2 dagur 21. alþjóðlegi downs = misliti sokkad.
Apríl	Maí	Júní	Júlí
Foreldraviðtöl 2. Dagur einhverfunnar = Blár dagur Barnamenningarhátíð 16. í tilefni af síðasta vetrardegi = Náttfataball 21. Starfsdagur 1/2 dagur 23. STARFSDAGUR 25. dagur umhverfis	Foreldraviðtöl vegna nýrra barna 10. STARFSDAGUR Opið hús Elstu börnin í grunnskólaheimsókn með foreldrum sínum Sveitaferð leikskólans (foreldrafélag) Útskriftarferð elstu barnanna Útskrift elstu barnanna	Sameiginlegt grill með grunnskólanum Brúðubíllinn á Árbæjarsafni Íþróttahátíð í leikskólanum Útidótadagur	Leikskólinn lokar í fjórar vikur



Samstarf milli grunnskóla - og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2019 - 2020

Samstarfssamningur milli grunnskóla- og leikskóladeildar stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu grunnskóla- og leikskóladeildar með það markmið að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann.

Í Fjólubláa hópnum (árg.2014) á leikskóladeild Ártúnsskóla eru 13 börn veturinn 2019 – 2020.

Á skólaárinu 2019-2020 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði:

1. Fagfundir:

Í skólanum er starfandi stuðningsteymi og yngri barna teymi sem funda reglulega yfir skólaárið. **Skilafundur Fjólubláa hópsins úr leikskóladeild yfir í grunnskóladeild verður 30. apríl kl. 10:00.**

2. Heimsóknir- Fjólublái hópur:

- a. heimsækir 1. bekk **miðvikudag 27. nóvember og 12. febrúar kl. 9:05 – 10:05.** Í heimsókninni munu leikskólanemendur kynnst fjölbreyttum námsgreinum, borða nesti og fara í frímínútur.
- b. er með íþróttatíma í íþróttahúsi **fimmtudaga kl.10:05-10:45.**
- c. kemur í tvö skipti í sögustund/kennslustund á skólasafn skólans, **fimmtudagana 23. janúar og 26. mars kl. 9:05.**
- d. kemur á Föstudagssamverur 1.bekkar **6. desember og 8. maí kl. 8:25.**
- e. heimsækir Skólasel einu sinni fyrir jól og tvisvar sinnum eftir jól **þriðjudagana 3. desember, 10. mars og 12. maí kl. 9:05 – 9:45.**
- f. Fulltrúar nemenda úr Fjólubláa hóp funda a.m.k. 3 fundi með umhverfisnefnd grunnskólans þ.e. undirbúningsfund að hausti, aðalfund að hausti og vorfund. Starfar með grunnskólanum að verkefnum eins oft og þörf er á. Borðar hádegisverð í mötuneyti grunnskólans dagana 4. – 8. maí 2020.



3. Samstarfsverkefni

Fjólublái hópurinn mun vinna þemaverkefni með 1. bekk og frístund á vordögum. Skipulag í umsjón 1. bekkjarkennara og deildarstjóra Háholts.

4. Heimsóknir-Blái hópur:

- a. fer á föstudagssamveru hjá 3. bekk **15. nóvember og 3. apríl kl. 8:25.**
- b. kemur í tvö skipti á skólaárinu í sögustund á skólasafn **fimmtudagana 30. janúar og 12. mars kl. 9:05.**
- c. fer alla **fimmtudaga kl.10:05-10:45** í íþróttatíma í íþróttahúsi.

5. 1. bekkur úr Ártúnsskóla:

- a. **Þriðjudaginn 10. desember kl. 10:30** mun 1. bekkur heimsækja Fjólubláa hópinn í leikskólann og syngja með þeim jólalög og skiptast á jólakortum.
- b. Í maí verður opið hús í leikskólanum. Dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Nemendum í 1. bekk verður boðið í heimsókn í leikskólann að skoða verkin sem verða til sýnis.

6. Eldri nemendur – heimsókn:

- a. Nemendur 4.b eru vinabekkur fjólubláahópsins. Nemendur úr **4. LH** munu heimsækja leikskóladeildina og lesa stuttar sögur og ljóð fyrir leikskólanemendur mánudagana **25. nóvember kl. 10:15 og 3. febrúar kl. 10:15.**

Ártúnsholti 30. október 2019

Ellen Gísladóttir aðstoðarskólastjóri Ártúnsskóla

Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri Ártúnsskóla